



Borgarráð

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna þjónustu skrifstofu borgarstjórnar við borgarfulltrúa.

Á fundi borgarráðs þann 4. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnartillaga Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá aukna aðstoð frá skrifstofu borgarstjórnar svo sem lögfræðiaðstoð og aðstoð með texta og prófarkalestur á tillögum og fleira í þeim dúr. Borgarfulltrúar sérstaklega minni flokkanna í minnihlutanum eru undir miklu álagi að sinna öllum skyldum en einnig að halda úti málatilbúnaði og undirbúningi funda. Á skrifstofu borgarstjórnar eru starfsmenn sem borgarfulltrúum var sagt að myndu vera þeim til aðstoðar en aðstoðin er hvorki næg né nógu viðtæk. Sú aðstoð sem hér er beðið um er ekki þar innifalin. Nauðsynlegt er að útvíkka þessa aðstoð þannig að borgarfulltrúi geti leitað til skrifstofunnar eftir lagalegri ráðgjöf og aðstoð við undirbúning mála, tillagna og fyrirspurna.

Tillögunni var vísað til umsagnar hjá skrifstofu borgarstjórnar og er hún eftirfarandi:

Á skrifstofu borgarstjórnar eru samþykkt sjö stöðugildi með skrifstofustjóra borgarstjórnar meðtöldum. Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir. Í því felst móttaka og meðferð gagna, undirbúningur funda, svo sem gerð og útsending dagskrár, framkvæmd funda, þar með talið ritun fundargerða og ráðgjöf til formanns og annarra fundarmanna. Jafnframt annast skrifstofan frágang gagna og tilkynningar um afgreiðslu mála, yfirlestur og birtingu fundargerða og upplýsingagjöf til almennings. Skrifstofan heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, þar með talið lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Þá veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, svo sem lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Miðlæg umsjón styrkjamála hjá Reykjavíkurborg er á hendi skrifstofu borgarstjórnar. Í henni felst meðal annars auglýsing eftir styrkumsóknum og úthlutun umsókna til viðkomandi fagraða til afgreiðslu.

Umsjón með framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík er á verksviði skrifstofu borgarstjórnar, þar með talið frágangur kjörskrár, undirbúningur kjörstaða, öflun starfsfólks, framkvæmd kjörfunda og talning atkvæða. Þá heyrir verkefni er varða umsagnir Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða undir skrifstofuna. Skrifstofa borgarstjórnar annast einnig meðferð beiðna um endurupptöku mála hjá Reykjavíkurborg, leiðbeiningar til almennings um endurupptökuheimildir og kæruleiðir. Auk þessa sinnir skrifstofan gerð lögfræðilegra álitsgerða fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og aðrar nefndir og ráð borgarinnar, sem og borgarfulltrúa.

Á skrifstofunni starfa verkefnisstjórar sem sinna samkvæmt starfslýsingum, borgarráði og borgarstjórn, kosningum, gæða- og tæknimálum, þjónustu við borgarfulltrúa og utanumhaldi rekstrarleyfisumsagna. Að auki starfa á skrifstofunni tveir sérfræðingar sem aðstoða við þessi verkefni. Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að borgarfulltrúar hafa aðgang að skrifstofu aðstöðu og almennum skrifstofubúnaði, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu sem skrifstofa borgarstjórnar rekur. Einnig fær hver borgarfulltrúi farsíma og greiðir skrifstofan kostnað af notkun hans og kostnað af nettengingu á heimili borgarfulltrúa eftir slíkum viðmiðum. Skrifstofa borgarstjórnar annast þar að auki skrifstofuþjónustu fyrir borgarfulltrúa, s.s. gagnaöflun, símavörslu, ritvinnslu, undirbúning funda o.þ.h.

Frá því að ný borgarstjórn með 23 borgarfulltrúum tók til starfa þann 19. júní sl. hefur verið unnið að því að skilgreina þjónustu skrifstofunnar með tilliti til þarfa borgarfulltrúa og þess hlutverks sem skrifstofan gegnir samkvæmt skipuriti Reykjavíkurborgar og má nefna að nú er gert ráð fyrir því að heilt stöðugildi verkefnisstjóra beri ábyrgð á allri þjónustu við borgarfulltrúa þ.m.t. launavinnslu. Hefur það gengið framur vonum þar sem unnt hefur verið að afgreiða allar beiðnir borgarfulltrúa um aðstoð í mismunandi málum, hratt og örugglega. Staðan er þannig að engum erindum borgarfulltrúa um þjónustu er ósvarað, símavarsla og viðtalstímar hafa verið skipulagðir í samræmi við óskir þeirra, beiðnir um gagnaöflun hafa verið afgreiddar jafnóðum og undirbúningur funda einnig. Í tillögunni um aukna aðstoð er sérstaklega vísað til lögfræðiaðstoðar, aðstoð við texta og prófarkalestur en skrifstofan er nú þegar að veita þá þjónustu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins fékk jafnframt þau svör við sambærilegu erindi sínu til skrifstofunnar frá sunnudeginum 30. september sl. þar sem fram kemur að það er sjálfsagt að aðstoða við upplýsingaöflun og yfirlestur þó með þeim hefðbundnu fyrirvörum að efni tillagna er endanlega sett fram á ábyrgð kjörins fulltrúa.

Í ljósi framangreinds er talið að umrædd aðstoð sem fjallað er um í tillögunni sé nú þegar innifalin í þeirri þjónustu sem stendur kjörnum fulltrúum til boða. Það skal þó tekið fram í þessu samhengi að fyrirvari er gerður um nauðsyn þess að gera ráð fyrir breyttri verkaskiptingu og jafnvel auknum fjárheimildum til skrifstofunnar ef óskað verður eftir þjónustu sem fer umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Í því samhengi skal bent á að yfirvinnuþörf hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar er nú þegar mjög mikil m.a. vegna borgarstjórnarfunda og verður í því ljósi ekki séð að mikið svigrúm sé til að bæta við verkefnum án þess að fram fari endurskoðun á stöðugildum innan skrifstofunnar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

